

Reykjavík 21. Febrúar 2023

Til bæjarráðs Hafnafjarðar, b.t. Sigurðar Nordals sviðsstjóra stjórnsýslusviðs

Icelandair stendur nú fyrir metnaðarfullum framkvæmdum við nýjar höfuðstöðvar á Flugvöllum 1 í Hafnafirði. Umtalsvert rask fylgir framkvæmdunum og er nú sár vontun á bílastæðum á lóðinni þar sem flugahfnir mæta í flutning til Keflavíkurflugvallar.

Það liggur því fyrir að með vaxandi starfssemi næstu 2 sumur eða þangað til byggingaframkvæmdum lýkur mun Icelandair þurfa að bregðast við með skammtímalausnum til að vera með næg bílastæði fyrir starfsfólk.

Í samtölu við embættismenn Hafnafjarðar hefur komið upp sú hugmynd að Icelandair fái að leigja bílastæði norðan við Tjarnarvöll 9, 11 og 13 til allt að tveggja ára.

Tvær lóðanna (9 og 13) sunnar Tjarnarvalla eru óbyggðar og Þjóðminjasafn hefur lóðina nr. 11 til umráða.


Búið er að kynna þessar hugmyndir fyrir forsvarsmönnum Þjóðminjasafns, forsvarsmönnum Regins sem er eigandi lóðanna ásamt Fasteignum Ríkissjóðs sem er leigutaki að byggingunni við hús nr. 11 og liggur fyrir að samkomulag um samnýtingu getur náðst.

Því er hér með óskað eftir að Icelandair verði leigð umrædd bílastæði til allt að tveggja ára (eitt ár í senn) með eftirfarandi skilmálum:

- 1.) Icelandair fái að girða af bílastæðin með bráðabirgðagirðingu og koma fyrir aðgangsstýrðum hliðum. Undanskilin verði þau bílastæði við Tjarnarvöll 11 sem Þjóðminjasafn þarf að nota.
- 2.) Icelandair komi fyrir öryggismyndavélum með góðri yfirsýn yfir bílastæðin.
- 3.) Allur rekstur s.s. snjómokstur, lýsing og hreinsun stæðu verði á kostnað Icelandair.
- 4.) Samningur verði endurskoðaður m.t.t. fjölda bílastæða ef framkvæmdir hefjast við umræddar lóðir.
- 5.) Lóðunum verði skilað í lok leigutíma í sambærilegu ástandi.

Með ósk um jákvæða afstöðu.

Virðingarfyllst



Guðmundur Tryggi Sigurðsson